

Mál nr. 6/2016
M og
V v. slysatryggingar ökumanns bifreiðar.

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi í Hrútafirði 11.4.2014

Gögn.

1. Málskot mótt ekið 8.1.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 2.2.2016

Málsatvik.

M ók bifreið út af vegi við Reykjaskóla í Hrútafirði og segist hafa hringt í Neyðarlínuna eftir slysið og fengið ráðleggingar frá lækni í Borgarnesi. Af hálfu M er sagt að M hafi hlotið meiðsli á vinstra hné við umferðaróhappið. M hafi harkað af sér og leitað fyrst til læknis sjö mánuðum síðar. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V og segir að ljóst sé af myndum af vettvangi að höggið sem M varð fyrir hafi verið verulegt og því líklegt að M fengi högg á hné auk þess sem M hafi ekki átt við vandamál frá hnjám að stríða fyrir slysið. V hafnar bótaskyldu og segir engin gögn liggja fyrir um að M hafi haft samband við Neyðarlínuna. Þá segir V að í skriflegri tilkynningu um ökutækjatjón sé M ekki tilgreindur sem slasaður. Auk þess hafi M ekki leitað til læknis fyrr en 7 mánuðum eftir óhappið. V segir engin samtímagögn liggja fyrir um að M hafi hlotið líkamsáverka við útafaksturinn. V telur ósannað að þeir verkir sem hrjá M í dag stafi frá umferðaróhappinu

Álit.

M gerði ekki grein fyrir því að hann hefði slasast í við útafaksturinn. M leitaði ekki til læknis fyrr en 13.11.2014, tæpum sjö mánuðum eftir umferðaróhappið. Í því læknisvottorði segir að áverkasaga M sé óljós. Í læknisvottorði sem gert er að beiðni lögmanns M dags. 26.10.2015 segir að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í óhappinu, en lækinnirinn getur ekki um að hann byggji á öðrum gögnum en frásögn M, niðurstöðu skoðunar á M rúmum 18 mánuðum eftir að slysið átti sér stað og segulómun. Að öllum gögnum málsins virtum, sem eru raunar nokkuð takmörkuð, liggur ekki fyrir sönnun þess að orsakasamband sé á milli þeirra verkja í vinstra hné sem hrjá M í dag og umferðaróhappsins 11.4.2011.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 1.3.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.